

Salmon in Ormarsá and Deildará 2005

Rannsókn á seiðabúskap Ormarsár og Deildarár 2005

Reykavík 10. september 2005

Jón Kristjánsson

fiskifræðingur

Kroshömrur 7A,

112 Reykjavík

Símar: 587 9779, 892 7864

jonkr@mmedia.is

Inngangur

Seiði voru veidd í Ormarsá og Deildará dagana 25-28. júlí, með svipuðum aðferðum, á sömu stöðum og undanfarin ár. Skilyrði voru góð, hæfilegt vatn í ánni, veður þokkalegt en nokkuð kalt.

Niðurstöður Ormarsá

Seiðabúskapur Ormarsár er í mjög góðu lagi. Mikið er af seiðum frá efstu stöðum árinna, neðan Arnarstaðavatns, niður að ósi. Ekki var gengið með miðhluta árinna eða leitað að seiðum á þeim stöðum. Þar sem mikið af seiðum hefur fundist efst í ánni á hverju ári undanfarin ár verður að gera ráð fyrir að laxinn hrygni nú orðið í allri ánni þó svo hafi ekki verið fyrir um áratug eða svo.

Ekki fundust eldri seiði en 2 ára, þau munu gengin til sjávar. Í fyrra vor gengu flest seiði til sjávar 2 ára gömul.


Vöxtur ársгамalla seiða er talsvert minni en hann hefur verið tvö sl. sumur vegna þess hve miklu kaldara hefur verið nú í sumar, 2005. Þetta mun væntalega verða til þess að sjógönguseiðum fækkar 2007 því vorgömlu seiðin nú (0+) munu ekki fara út fyrr en þau eru orðin þriggja ára, þ.e. vorið 2008.

The parr population is very healthy and the growth is good. Next year they will leave as smolts two years old. However, the growth of the fry of the year (0+) has been considerably slower than last two years due to the "cold" summer. The smolts of 2006 will mostly be 2+, but due to the slower growth there will probably be a gap, or reduction in the smolt run 2007 as the 0+ of this year will have to wait until they are 3+ in 2008, before they go to sea.


Ormarsá: 27. ágúst 2005			Aldur, age								
Stöð Site no.	Staður Place	Fatarmál Areal	0+		1+		2+		3+		Fj/100 m² No/100m²
			Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	
1	Gamla vaðið	40	1	2.9	8	6.9	1	9.5			25
2	1,5 km neðar	60	1	3.1	6	7.3					12
3	150 m neðan 2	25			10	6.9	1	10			44
4	Ofan 22	40			10	6.7	2	9.8			30
5	Bláskriða	50			19	6.6					38
6	Veidið 14	50	8	3.2	18	6.4	1	9.2			54
9	N Foss	50	16	3	5	7.3	2	9.8			46
8	Veidið 4	50			11	6.4	2	9.9			26
7	Brú	50	2	3.1	8	7	3	9.5			26
Sum:		415	28		95		12				33

Tafla 1. Niðurstöður rafveiða í Ormarsá 25-28. júlí 2005.


Result of the electrofishing in Ormarsá 2005.



Mynd 1. Lengdardreifing seiða á stöðvum 1-3. Length distribution of salmon parr at sites 1-3 in Ormarsá.



Mynd 2. Lengdardreifing seiða á stöðvum 4-7. Length distribution of salmon parr at sites 4-7 in Ormarsá.



Mynd 3. Lengdardreifing seiða á stöðvum 1-7. Length distribution of salmon parr at sites 1-7 in Ormarsá.

Niðurstöður Deildará

Einungis var veitt á einum stað í Deildará sjálfri. Ástæðan er sú að stórir hlutar árinna eru lygnir hyljir og stokkar en þar er ekki gerlegt að veiða seiði með rafmagni. Efsti hluti árinna einkennist af nábýli við vatnið og þar er mikið af stubba urriða sem ruglar allan samanburð. Því hefur verið notast við flúðir og grynningar neðarlega í ánni til að fá upplýsingar um árgangaskipan, vöxt og samanburð milli ára.

Mikið er af seiðum í ánni af öllum árgöngum, en seiði hafa farið til sjávar 2 ára gömul undanfarin tvö vor, 2004 og 2005.

Svipað má segja hér og um Ormarsá, vöxtur sumargamalla seiða (0+) er slakur vegna óhagstæðs tíðarfars. En það ber að athuga að sl. 2 ár voru óvenju góð til vaxtar, löng og hlý sumur.

Í Efri Deildará var veitt í Bleikjuhyl og þar var urmull laxa- og urriðaseiða. **Hrygning laxa fyrir ofan grind virðist með eðlilegum hætti.**

Deildará:			Aldur, Age								
Stöð Site	Staður Place	Fatarmál Areal, m²	0+		1+		2+		3+		Fj/100 m² No/100m²
			Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	
Deildará	Við Brú	50	5	3.2	12	6.8	3	9.9			40.0
Bleikjuhylur	Efri Deildará	20	11	3.1	7	6.3	1	9.6	2	11.1	105.0
Urr	Efri Deildará	20	11	3.5	5	6.6					80.0

Tafla 2. Niðurstöður rafveiða í Deildará og Efri Deildará 25-28. júlí 2005.
Results of the electrofishing in Deildará and upper Deildará.

Samantekt, Summary


Seiðaástand beggja ána er mjög gott. Gönguseiðaframleiðsla hefur verið í hámarki í tvö ár og verður þokkaleg 2006, enda hafa seiðin gengið út að stórum hluta 2 ára gömul.

Lægð verður í framleiðslu 2007, nokkuð sem mun etv. koma fram í minni smálaxagöngum 2008.


Þetta þarf þó ekki að verða raunin, því lítið samræmi virðist milli seiðaframleiðslu og laxagegndar. Þar hlýtur ástand sjávar að vega þyngst og má nefna að þorskur, sem mikið er af í nágrenni ána, hlýtur að taka stóran toll af seiðunum á vorin þegar þau eru að ganga til sjávar.

Smolt production has been very high in both rivers the last 2 years and will be above average next year also. It will be lower in 2007 which could result in poor grilse run 2008.


This is by all means not sure. The salmon run has not been in relation to the smolt production of the rivers for several years. The run is much lower than it should have been, See conditions, especially large amount of cod, must take the blame.




Mynd 4. Lengdardreifing laxaseiða í Deildará. *Length distribution of salmon parr in Deildará.*



Mynd 5. Lengdardreifing laxaseiða í Efri Deildará. *Length distribution of salmon parr in Upper Deildará.*



Mynd 6. Lengdardreifing urriðaseiða í Efri Deildará. *Length distribution of trout in Upper Deildará.*



Mynd 7. Bleikjuseiði úr Ormarsá